

Sþ.

414. Fyrirspurnir.

[211. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um húshitunaráætlun.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hefur verið gerð húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu, svo sem gera skal samkvæmt 14. gr. laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53 28. maí 1980?
2. Hvaða tillögur eru um framkvæmdir í orkumálum, sem nauðsynlegar teljast til þess að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá oliukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983?
3. Hver er áætlaður kostnaður framkvæmdanna?
4. Hvernig skiptast framkvæmdirnar:
 - a) milli ára,
 - b) með tilliti til innlendra orkugjafa og olíu til fjarvarmaveitna?

II. Til samgönguráðherra um skilyrði fyrir ríkisábyrgð vegna lántöku Flugleiða.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Með hvaða hætti hafa Flugleiðir hf. efnt skilyrði þau, sem sett voru við ákvörðun um heimild til ríkisábyrgðar vegna lántöku fyrirtækisins?